

Fundargerð.

Aðalfundur Norðurá bs. 2018

Aðalfundur Norðurá bs. var haldinn 10. september 2018 í Félagsheimilinu Miðgarði kl: 16:00.

Mættir fulltrúar voru. Sigfús Ingi Sigfússon, Margeir Friðriksson (Sveitarfélagið Skagafjörður), Valdimar Ó. Hermansson (Blönduós), Halldór G. Ólafsson (Sveitarfélagið Skagaströnd), Dagný Úlfarsdóttir (Skagabyggð). Einnig sátu fundinn stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Jón Sigurðsson, Einar Einarsson, Eiríkur H. Hauksson og Sveinn Úlfarsson. Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu og Fannar Viggósson starfsmaður Norðurá bs. sátu einnig fundinn.

Dagskrá

- 1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara.**
- 2. Skýrsla stjórnar.**
- 3. Ársreikningur 2017.**
- 4. Kosning stjórnar og endurskoðenda. Ákvörðun um þóknun stjórnar.**
- 5. Kynning á fjárfestingum vegna gassöfnunar og fleira.**
- 6. Önnur mál.**

1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara

Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Samþykkt samhljóða að Sigfús Ingi Sigfússon yrði fundarstjóri og Einar E. Einarsson ritaði fundargerð. Jafnframt var samþykkt samhljóða að kjörstjórn yrði skipuð af Halldóri Ólafssyni og Margeiri Friðrikssyni.

2. Skýrsla stjórnar

Magnús B. Jónsson flutti skýrslu stjórnar. Þar kom meðal annars fram að helstu fjárfestingar frá síðasta aðalfundi hafa verið kaup á nýjum sorptroðara og notaðri beltagröfu ásamt fjárfestingum vegna gassöfnunar. Á árinu 2017 voru urðuð samtals 20.705 tonn af úrgangi en þarf af var sláturúrgangur 3.705 tonn. Á milli árana 2016 og 2017 er aukning á heildarmagninu en hlutfall sláturúrgangs lækkar aðeins frá árinu 2016. Stærsta upptökusvæðið er sem áður Eyjafjörður með 49% af heildarmagninu sem urðað er. Sé miðað við magn síðustu ára og þeir mánuðir sem eftir eru af árinu 2018 áætlaðir út frá því þá mun magnið í heild aukast enn frekar árið 2018 og verða 21.451 tonn sem eru 451 tonni meira en starfsleyfið gerir ráð fyrir. Á árinu er bæði búið að funda með UST og sækja formlega um tímabundna hækkun á leyfilegu magni til að urða en ekki hafa ennþá komið svör. Mest af sorpmagninu sem kemur til urðunar er blandaður úrgangur frá fyrirtækjum eða um 9.200 tonn árið 2017 og síðan blandaður úrgangur frá sveitarfélögum sem var tæp 6.000 tonn árið 2017. Leggja þarf vinnu í að greina betur þennan úrgang og hvort ekki séu sóknarfæri í að minnka urðun með fleiri flokkun.

Hjá Magnúsi kom jafnframt fram að mikilvægasta verkefnið framundan hjá sveitarfélögunum væri að efla flokkun frá bæði einstaklingum og fyrirtækjum og draga þannig úr magninu sem þarf að urða. Einnig þurfa sveitarfélögin að huga að nýjum farvegi fyrir dýraleifar og sláturúrgangi en gildandi svæðisáætlun fyrir Norðurland gerir ráð fyrir að þeirri urðun verði hætt árið 2020 sem er í samræmi við stefnu stjórnvalda.

3. Ársreikningur 2017

Margeir Friðriksson gerði grein fyrir ársreikningi 2017. Megin niðurstöður eru að hagnaður var á rekstri félagsins á árinu 2017 að fjárhæð 45,9 milljónir kr. samkvæmt rekstarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 317,8 milljón kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Ársreikningur 2017 borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

4. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Halldór Ólafsson lagði fram tillögu kjörstjórnar um að aðalmenn í stjórn yrðu Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson og Magnús B. Jónsson. Til vara væru í sömu röð, Ingibjörg Huld Þórðardóttir, Stefán Gísli Haraldsson og Zophonías Ari Lárusson. Tillagan var samþykkt samhljóða. Jafnframt bar Halldór upp þá tillögu að Kristján Jónasson frá KPMG yrði endurskoðandi Norðurá bs. árið 2018. Voru báðar tillögur samþykktar samhljóða.

5. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Fundarstjóri flutti tillögu um að laun stjórnar fylgi sömu launaviðmiðum og hlutföllum og miðað er við hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. Samþykkt samhljóða.

6. Kynning á fjárfestingum vegna gassöfnunar og fleira.

Gunnar Svavarsson frá Eflu fór yfir mælingar sem nýlega hafa verið kynntar um útstreymi á metangasi frá urðunarstöðum á Íslandi, en Norðurá var einn af þeim stöðum sem var mældur. Hjá Norðurá hefur frá árinu 2016 verið unnið að útfærslu og leiðum til að eyða gasinu eins og reglugerðir krefjast. Á árinu 2018 er ráðgert að fjárfesta í búnaði og fleiru upp á 45 milljónir vegna þessa en áður er búið að setja um 20 milljónir í undirbúning. Gert er ráð fyrir að brennsla á gasinu verði byrjuð fyrir lok október á þessu ári. Framtíðin mun svo leiða í ljós hvort skynsamlegt sé að nota gasið til að eyma burt vatn úr sigvatninu eða hugsanlega framleiða rafmagn til eigin nota. Ekki er talið raunhæft að vinna þetta gas yfir í hreint metangas vegna mikils kostnaðar.

Einnig kom fram að sorpmagn á landinu öllu hefði aukist umtalsvert og árlega frá árinu 2013 eftir jafnan samdrátt sem varð frá 2005 til 2012. Markmið stjórnvalda er að árið 2030 verði mest urðað 40% af því magni sem urðað var árið 1990.

Gunnar fór einnig yfir ýmis lög og markmið sem sett hafa verið. Í lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 er ýmislegt sem sveitarstjórnir þurfa að huga að en það er t.d. á þeirra ábyrgð að markmiðum sem sett eru samkvæmt 13 gr. verði náð.

Einnig þurfa sveitarfélög að huga að reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 en þar eru settar kröfur á sveitarfélögin sem síðan að hluta til er útfært í Svæðisáætlun

sveitarfélaganna. Í Svæðisáætlun fyrir Norðurland, samþykkt af öllum sveitarfélögum er t.d. stefnt á að banna urðun á lífrænum úrgangi frá og með 2020.

Að lokum kom fram hjá Gunnari að sveitarfélög sem ekki hafa enn hafið flokkun og söfnun lífræns úrgangs við heimili þurfa að undirbúa sig fyrir 2020 en við þá vinnu þarf líka að bæta árangurinn í flokkun á lífrænum úrgangi. Rekstaraðilar sem urða mikið magn lífræns úrgangs í dag þurfa að finna nýjan farveg og ef stjórnvöld og sveitarstjórnir ætla að standa við áðurnefnd ólögbundin markmið varðandi urðun t.d. hámark á hlutfall urðunar, bann á lífrænt og urðunarskatt þarf verulega að bæta alla innviði, þjónustu og fræðslu í úrgangsgeiranum.

7. Önnur mál

Jón Sigurðsson tók til máls og þakkaði samstarfsmönnum í stjórn og starfsfólki Norðurá bs. gott og ánægjulegt samstarf á liðnum árum en hann hefur nú verið í stjórn í samfeld 8 ár. Fundarmenn þökkðu Jóni vel unnin störf.

Sigfús Ingi sleit fundi og þakkaði mönnum góðan fund.

Fundi slitið kl. 18:30

Einar E Einarsson

Sigfús Ingi Sigfússon